

STARFSÁÆLTUN ÆSKULÝÐSSAMBANDS ÞJÓÐKIRKJUNNAR FYRIR ÁRIÐ 2022

BE1 ECUMENICAL COURSE

Til stóð að Be One Ecumenical námskeiðið yrði að þessu sinni í York á Englandi helgina 20. – 23. janúar 2022. Námskeiðið er fyrir ungmenni á aldrinum 18 – 30 ára en þó er gefinn sveigjanleiki fyrir áhugasama allt að 40 ára.

Þema námskeiðsins hefði verið “Growing an Inclusive Church” sem snýst um að rækta kirkju án aðgreiningar og takast á við vandamálið sem felst í mismunum gagnvart jaðarsettu fólki. Hvernig getum við skapað framtíð fyrir alla innan okkar kirkna og æskulýðssamtaka og hvernig getur ungt fólk leitt þá breytingu?

Vegna heimsfaraldurs var námskeiðinu frestað.

JANÚARNÁMSKEIÐ

Til stóð að halda leiðtoganámskeið í janúar með áherslu á og leiklist. Námskeiðið átti að fara fram á Hótel Örk í Hveragerði dagana 7. – 8. janúar 2022. Árshátíð starfsfólks í æskulýðsstarfi kirkjunnar átti að halda á föstudeginum og námskeið á laugardeginum með metnaðarfulltri dagskrá í formi ÆSKP vinnustofu, leiklistarnámskeiðs í umsjón Laufeyjar Brár Jónsdóttur, leikkonu og guðfræðings. Einnig átti að vera hvatningarfyrirlestur í umsjón Matta Ósvald. Námskeiðinu var frestað vegna Covid 19. Uppi eru hugmyndir að halda námskeiðið jafnvel í haust áður en allt æskulýðsstarf hefst.

AÐLFUNDUR EUROPEAN FELLOWSHIP

Aðalfundur EF verður auglýstur síðar þar sem ekki er komin endanleg dagsetning.

AÐALFUNDUR ÆSKP

Fundurinn fer fram 9. febrúar í Neskirkju. Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf. Kosið verður um ritara og tvo meðstjórnendur til tveggja ára auk fimm varamanna til eins árs.

VAKTU MEÐ KRISTI - VMK

ÆSKP hefur sett saman dagskrá fyrir æskulýðsfélög sem hafa áhuga á að vaka með Kristi, hugmyndin er að félögin geti boðið til gistinætur í kirkjunni frá skírdegi og fram á föstudaginn langa. Skjalið er aðgengilegt á heimasíðu ÆSKP.

EASTER COURSE

Hið árlega Easter Course mun að þessu sinni fara fram 10. – 17. apríl í Transylvaníu gangi það upp að vera á staðnum, annars 14. – 17. apríl ef það verður með fjarbúnaði. Námskeiðið er á vegum European Fellowship. Skráning á námskeiðið verður auglýst síðar en við alla leiðtoga á aldrinum 18-30 ára að taka þátt.

KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

ÆSKP hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. Þingið fór fram 14. – 15. maí 2021. Dagsetning þingsins í ár er í vinnslu. Aðildarfélögin eru hvött til að leyta að áhugasömum ungmennum til að stíja þingið og koma ábendingum áleiðist til ÆSKP. Eins er mikilvægt að undirbúa mál í tíma til að leggja fyrir þingið. Þetta verður 16 kirkjuþing unga fólksins.

GLEÐIGANGA

ÆSKP mun taka þátt í gleðigöngunni í ár að venju. Gleðigangan fer fram í byrjun ágúst. Við hvetjum öll æskulýðsfélög til þátttöku í viðburðinum og áhugasamir sem vilja taka þátt í undirbúningi atriðis ÆSKP ættu að setja sig í samband við stjórn ÆSKP við fyrsta tækifæri.

HAUSTNÁMSKEIÐ ÆSKP OG ÆSKR

Uppi eru hugmyndir um að Janúarnámskeið fari fram að hausti.

LEIÐTOGASKÓLINN

REYKJAVÍK

Leiðtogaskólinn (áður Farskóli leiðtogaefna) er eitt af flaggskipum æskulýðsstarfsins. Leiðtogaskólinn hefur frestað fram á vorönn vegna Covid. Eva Björk Valdimars og Kristján Ágúst hafa umsjón með leiðtogaskólanum og stefnt er að skólinn hefjist í lok febrúar og kennt verði um helgar. Skólinn er samstarfsverkefni ÆSKÞ, ÆSKR og Biskupsstofu.

AUSTURLAND

Leiðtogaskólinn á austurlandi hefst í lok febrúar og er kenndur í samstarfi ÆSKA og Biskupsstofu.

LANDSMÓT

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKÞ, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Landsmót verður haldið á Akranesi í lok október. Lokadagsetning er væntanleg, en bæjarstjórn hefur lagt upp með að mótið geti farið fram haustfrís daga á Akranesi.

Í ár er „Láttu ljós þitt skína!“ Við hvetjum alla áhugasama að gefa kost á sér í landsmótsnefnd en það er hún sem á veg og vanda að skipulagningu mótsins og framkvæmd.

Ef tækifæri skapast má vera að við bætum við viðburði, en einnig þarf að hafa í huga að dagskráin getur tekið breytingum eins og við höfum svo sannarlega lært á undanfögnu ári.